

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð uppboðsbeiðanda.

Uppboðsþoli, Jón Hálfván Þorbergsson, greiði uppboðsbeiðanda kr. 7.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1969.

Nr. 97/1969.

Björn Ársælsson

(Kjartan Reynir Ólafsson hdl.)

og Ingi R. Helgason (sjálfur)

gegn

Gunnari Þorsteinssyni f. h.

Sigríðar Kristínar Gunnarsdóttur

(Sigurður Sigurðsson hrl.)

Jóni Magnússyni og (sjálfur)

Skiparáðandanum í Reykjavík f. h.

Þrotabús Halldórs Backmans (enginn).

Dómenður:

hæstaréttardómaramirnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Fjárnám úr gildi fellt.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur Björn Ársælsson og Ingi R. Helgason hafa, hvor í sínu lagi, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnum 19. maí 1969, að fengnum áfrýjunarleyfum 22. apríl 1969. Gera þeir, hvor í sínu lagi, þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefndu, öðrum en þrotabúi Halldórs Backmans, verði dæmt að greiða hvorum þeirra málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Gunnar Þorsteinsson f. h. Sigríðar Kristínar Gunnarsdóttur og Jón Magnússon krefjast þess, hvor um sig, að

hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og að áfrýjendum verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hendi þrotabús Halldórs Bachmans eru eigi hafðar uppi kröfur né fram flutt málsreifun fyrir Hæstarétti.

Bú Halldórs Backmans var tekið til gjaldþrotaskipta 27. september 1968.

Hinn 16. febrúar 1968 var framkvæmd fjárnámsgerð í eignarhluta Halldórs Backmans í húseigninni nr. 106 við Hraunbæ í Reykjavík samkvæmt bókun í fógetadómi til fullnustu bæjarþingsdóms nr. 2593/1966 í máli stefnda Gunnars Þorsteinssonar f. h. Sigríðar Kristinar Gunnarsdóttur á hendur Halldóri Backman, að fjárhæð kr. 62.229.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. apríl 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnaði, kr. 12.353.00, og kostnaði af innheimtuaðgerðum. Enn var gert framhaldsfjárnám hinn 5. apríl 1968 í „þinglýstum“ eignarhluta Halldórs Backmans í húseigninni nr. 108 við Hraunbæ í Reykjavík til lúkningar sama dómi. Loks var hinn 25. júlí 1968 samkvæmt kröfu Sigurðar Hafsteins héraðsdómslögmanns framkvæmt þriðja fjárnámið til fullnustu sama dómi, sem eigi var lagður fram. Var nú tekið fjárnámi veðskuldabréf, útgefið af Stefáni Sigursælssyni hinn 5. marz 1968 til handhafa, að fjárhæð kr. 150.000.00, sem var í vörzlum Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns. Var bréfið áritað um fjárnámið.

Áfrýjendur staðhæfa, að fyrri fjárnám hafi nægt til fullnustu hins óframlagða dóms og lagaskilyrði hafi því brostið til framkvæmdar fjárnámsins 25. júlí 1968, sbr. 19., 51. og 52. gr. laga nr. 19/1887.

Þá fullyrða áfrýjendur, að hið fjárnumda veðskuldabréf, tryggt í íbúð í húsinu nr. 104 við Hraunbæ, hafi verið gefið út til efnda á kaupverði nefndrar íbúðar, sem Stefán Sigursælsson hafi keypt af Halldóri Backman með kaupsamningi 4. júlí 1967. Hafi Halldór Backman fyrirfram með framlagðri, skriflegri yfirlýsingu, dags. 20. nóvember 1967, framsett áfrýjanda Birni Ársælssyni eignarrétt til veðskuldabréfsins til lúkningar á skuld sinni af hluta við Björn Ársælsson,

sem stofnaðist vegna smíðar hússins og tryggð var með veði í nefndri íbúð. En áfrýjandi Ingi R. Helgason hafi samkvæmt framlagðri kvittun, dags. 14. desember 1967, samþykkt og afhent áfrýjanda Birni Ársælssyni víxil að fjárhæð kr. 150.000.00 til tryggingar því, að staðið yrði við útgáfu nefnds veðskuldabréfs til handa áfrýjanda Birni Ársælssyni. Hafi því verið gert fjárnám í handhafaveðskuldabréfi, sem eigi var eign gerðarþola, og beri að ógilda fjárnámið af þeim sökum.

Fógetadómur var hinn 25. júlí 1968 „settur að Grensás-vegi 22“, án þess að fjárnámsgrundvöllur væri skjalfestur í réttinum. Bókað var: „Gerðarþoli býr hér, en er ekki við-staddur, en fyrir hann mætir Jóhanna Backman, kona hans, sem hér býr. Áminnt um sannsögli, kveðst hún ekki geta greitt“. Gerði fógeti síðan fjárnám í áminnztu handhafa-veðskuldabréfi, sem ætla má, að hafi þá verið á skrifstofu Jóns Magnússonar eða í öðrum vörzlum hans. Eigi leið-beindi fógeta eiginkonu gerðarþola, sem eigi er vitað um, að sé lögfróð, að hún gæti borið fram eða reynt að bera fram varnir á þeim grundvelli, að hér væri um framhalds-fjárnám að tefla. Eigi benti fógeti henni á, að ástæða væri fyrir hana að bera sig saman við eiginmann sinn um það, hvort hann væri eigandi hins oftnefnda handhafaveðskulda-bréfs, sbr. 114. gr. og 223. gr. laga nr. 85/1936. Þá grennsl-aðist fógeti eigi eftir þessum atriðum af sjálfsdáðum. Fjár-námsgerðinni var af nefndum sökum svo áfátt, að fella verður hana niður.

Rétt er, að stefndi Gunnar Þorsteinsson f. h. Sigríðar Kristínar Gunnarsdóttur greiði áfrýjanda Birni Ársælssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi Gunnar Þorsteinsson f. h. Sigríðar Kristínar Gunnarsdóttur greiði áfrýjanda Birni Ársælssyni máls-kostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 25. júlí 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 25. júlí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Grensásvegi 22 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgar-fógeta, Péttri Axel Jónssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-2169/1968: Gunnar Þorsteinsson f. h. Sigríðar Kristínar Gunnarsdóttur gegn Halldóri Backman.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit fjárnámsgerðar, framkvæmdri á grundvelli málsins nr. 2593/1966. Nr. 1 og 2 fylgja með í frumriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sigurður Hafstein og krefst fjárnáms fyrir kr. 62.229.00 með 6% ársvöxtum frá 23. apríl 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 12.353.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Jóhanna Backman, kona hans, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, skuldabréfi, sem er í vörzlu Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, að upphæð kr. 150.000.00, útgefnu af Stefáni Sigursælssyni, Njörvasundi 9.

Bréfið á að borgast á næstu fimm árum.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.